

Heimsóknir fóru fram í september og október 2016. Farið var yfir í samtölum og heimsóknum helstu þætti dægradvalar: dagsskipulag, upplýsingagjöf til foreldra, húsnæði, fagstarf, hlutverkaskipting starfsmanna, barnalýðræði og þjónusta.

- Starfsemin virðist vel skipulögð, góð aðstaða, leikföng og viðfangsefni fjölbreytt. Í heimsókn eru starfsfólk virkt í starfinu og hlutverkaskiptan skýr. Forstöðumaður virkar áhugasamur og metnaðarfull.
- Góð aðstaða en mikill barnafjöldi. Börnin dreifast vel, íþróttatímar, íþróttarútan og klúbbar létta á álagi á húsnæði. Börnin virðast þekka vel rútinuna og sjálfstæð í að fara milli viðfangsefna.
- Fjölbreytt dagskrá, börnin virðast eiga auðvelt með að finna sér sjálf viðfangsefni og verkefni. Viðfangsefni er góð blanda af krefjandi viðfangsefnum með menntunargildi, einföld afþreying og frjáls leikur. Metnaðarfullt að bjóða upp á lista- og føndursmiðju alla daga.
- Klúbbastarf er innihaldsrikt og spennandi.
- Skipulag við móttöku, skráningu og frístundaaksturs er gott og hátt þjónustustig. Þar er einn starfsmaður sem eingöngu sinnir móttöku og skráningu barna inn og út. Sá starfsmaður er með lista yfir börn skráð fótbolta- eða fimleikarútu hvern dag og fylgir eftir að þau taki rútna. Þessi starfsmaður er ekki virkur í öðru starfi með börnunum.

Dægradvölin var heimsótt haust 2015 og hafa verið gerðar lagfæringar á þeim þáttum sem voru gerðar athugasemdir við. Upplýsingagjöf hefur verið eflað en mætti gera enn betur og nýta tækniþekkingu almennra starfsmanna til að setja myndir úr starfinu á foreldrasíðu. Margt sem börnin eru að gera skemmtilegt og spennandi en foreldra virðast ekki fá upplýsingar um. Kynna líka þar dagskrána og betur innihald dægradvalar. Myndir af starfsfólki með nafni komið í andyri og mjög sýnilegar foreldrum og gestum. Framfarir í upplýsingagjöf sýnilegar.

Athugasemd var gerð haust 2015 um að mætti huga að barnalýðræði, þyrfti að gera betur þar og láta börnin fá að hafa áhrif á starfið. Mætti setja upp hugmyndakassa eða gera sýnilega möguleika barnanna til að setja fram sínar óskir varðandi starfið. Einnig að virkja foreldra í því og geta komið með í tillögur í sýnilegan hugmyndakassa td í andyri.

Fyrirkomulag hressingar ætti að endurskoða bæði út frá barnalýðræði og líka starfsmannanýtingu. Börnin bíða í röð við eldhúsið og fá val um hressingu. Starfsmannanýting er ekki góð með þessu fyrirkomulagi né upplifun barnanna. Börnin ættu frekar að fá sjálf að setja á disk eða smyrja brauðið sitt, hægt að láta þau koma í hópum eða kaffihúsafyrirkomulag\* Að starfsmenn gangi á milli og helli drykkjum gekk vel og er hentug lausn. Ákveðið hefur verið að um áramót og börnin mun fara í matsal fyrir hressingu.

Í samtölum við forstöðumann kemur fram að verkefnið er stórt og að mörgu að huga. Forstöðumaður hefur góða yfirsýn, skipulag gott en þyrfti stuðning við tæknimálin og upplýsingagjöf. Skólinn veitir stuðning og sinnir hluta verkefna. Dægradvölin er vel skipulögð og metnaður fyrir starfinu sem þarf að verða sýnilegri til foreldra og leyfa sér að vera montin af flottu starfi.

*\*Kaffihúsafyrirkomulag þá fá börnin að koma á ákveðnu tímabili td. 40 mín og er merkt við börnin ef einhver skila sér ekki í hressinguna. Þetta fyrirkomulag er mun streituminna, dregur úr hávaða og er valdeflandi fyrir börnin.*

Kópavogur 11.nóvember 2016

Ragnheiður Eyjólfsdóttir